

Málsnr.: 2008010  
Dalabyggð Málaskrá

11. JAN. 2021

Bréfalykill: 09.03.04 Minjastofnun  
Íslands



Þórður Már Sigfússon  
skipulagsfulltrúi  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Miðvikudagur, 6. janúar 2021  
MÍ202101-0013 / 6.10 / M.A.S.

## Efni: Dalabyggð. Framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á 134 ha. svæði á jörðinni Ásgarði

Með tölvubréfi dagsettu 21. desember 2020 óskaði Þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi Dalabyggðar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á 134 ha. svæði á jörðinni Ásgarði. Engin fornleifaskráning fór fram við aðalskipulagsgerð Dalabyggðar, svo svæðið sem fer undir tilvonandi skógrækt hefur ekki verið skráð!

Í 16. grein, laga um menningarminjar nr. 80/2012, segir:

*Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætið fara fram á vettvangi.*

Gerð er krafa um að minjarnar séu mældar upp á vettvangi og þær hnittsettar í ISN93. Vettvangsvinnan felur einnig í sér að fornleifafræðingur kanni umrætt svæði og gangi úr skugga um hvort fleiri minjar séu að finna en þær sem getið er um í rituðum gögnum. Fyrir skráningarmann er þá nauðsynlegt að vera í sambandi við staðkunnugra.

**Mjög líklegt er að minjar skaðist við skógrækt. Þar af leiðandi gerir Minjastofnun Íslands athugasemdir við að framkvæmdaleyfi verði veitt fyrr en fullnægjandi fornleifaskráning hafi farið fram!**

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef formminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður Vesturland

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvæðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnssýslustigi og ekki kæranelgar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 getur aðili málss óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi sílkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Vesturlands  
Hafnargata 3 340  
Stykkishólmur (354) 570 13  
12 (354) 895 18 80  
www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

Magnús A Sigurðsson  
Minjavörður  
magnus@minjastofnun.is